

Orkustefna 1. áfangi.

Reykjavík 24. jan 2019

Stjórn Landssamtaka skógareigenda þakkar fyrir tækifæri að skila umsögn og leggur fram tvö atriði sem snúa að uppbyggingu skógarauðlindar landsmanna.

Með styrku flutningskerfi á raforku um landið allt má tryggja búsetu og efla atvinnu.

Orka fyrir afurðarstöðvar

Með stækkandi skógarauðlind víðast hvar um landið má búast við auknum umsvifum í vinnslu á afurðum úr skóginum. Helst er átt við timburhráfni en einnig jólatré, ber og annað nýtilegt úr skóginum. Verði áreiðanlegu dreifikerfi komið á um sveitir landsins auk niðurgreiðslu á rafmagni er hægt að styrkja verulega nýja og ört stækkandi atvinnugrein á Íslandi.

Orka fyrir plöntuframleiðslu

Aukin skógrækt á Íslandi er fyrirséð á næstu árum og áratugum. Eins og sakir standa er eftirspurn eftir plöntum umtalsvert meira en framboð. Með áreiðanlegu dreifikerfi um sveitir landsins auk niðurgreiðslu á rafmagni má stuðla að aukinni plöntuframleiðslu víðar um landið. Kostirnir við að hafa gróðrarstöðvar sem víðast um landið eru margir. Meðal annars geta veður og tíðarfar haft mikið að segja um bæði framleiðslu plantnanna og aðgengi að þeim þegar eftir þeim er leitað. Því styttri sem flutningur er af framleiðslusvæði á gróðursetningarstað því öruggari er flutningurinn, vistvænni og hagkvæmari. Plöntuuppeldi þarfnast sérþekkingar og aðstöðu ef vel á að vera. Bændur gætu tekið það upp hjá sér að sinna plöntuuppeldi samhliða hefðbundnum búskap.

F.h. Landssamtaka skógareigenda



Hlynur Gauti Sigurðsson